

Listahátíð í Reykjavík

1.6.-2.7.1996

=Tónlist

- **Björk**, Laugardalshöll, 21. júní kl. 20.00, 2.500 - 3.000 kr.
- **Camerarctica**, Loftkastalinn, 3. júní kl. 20.30, 1.200 kr.
- **David Bowie**, Laugardalshöll, 20. júní kl. 20.00, 3.600 - 3.900 kr.
- **Den Danske Trio**, Norrænahúsið, 11. júní kl. 20.30, 1.200 kr.
- **Deutsches Symphonie-Orchester Berlin**, Laugardalshöll, 29. júní kl. 16.00, 2.300 - 2.700 - 3.500 kr.
- **Evgeny Kissin**, Háskólabíó, 15. júní kl. 16.00, 2.000 - 2.300 - 2.700 kr.
- **Heimskórinn, einsöngvarar og Sinfóníuhljómsveit Íslands**, Laugardalshöll, 8. júní kl. 16.00, 1.500 - 2.600 - 3.200 - 3.900 kr.
- **Híf opp**, Loftkastalinn, 5. júní kl. 21.00, 1.200 kr.
- **Le Grand Tango**, Loftkastalinn, 12. júní kl. 20.30, 1.600 kr.
- **Lester Bowie's Brass Fantasy**, Loftkastalinn, 15. 16. júní kl. 21.00, 2.500 kr.
- **Ljóð og jass**, Loftkastalinn, 9. júní kl. 21.00, 1.200 kr.
- **Philharmonia Quartett-Berlin**, Íslenska Óperan, 9. júní kl. 16.00, 2.200 kr.
- **Pulp**, Laugardalshöll, 2. júlí kl. 20.00, 2.200 - 2.500 kr. (miðasala frá 30. maí)
- **Sigurður Flosason og alþjóðlegi jasskvintettinn**, Loftkastalinn, 7. júní kl. 21.00, 1.600 kr.
- **Sinfóníuhljómsveit Íslands**, Háskólabíó, 13. júní kl. 20.00, 1.000 - 1.450 - 1.800 kr.
- **Sundhöllin syngur, Voces Thules**, Sundhöll Reykjavíkur, 8. júní kl. 23.00, 1.200 kr.
- **Yuuko Shikawa og Andrés Schiff**, Íslenska Óperan, 5. júní kl. 20.00, 2.200 kr.
- **Zilia pianókvartettinn**, Loftkastalinn, 14. júní kl. 20.00, 1.200 kr.
- **Ævintýrakvöld með Kammersveit Reykjavíkur**, Þjóðleikhúsið, 12. júní kl. 20.00, 1.800 kr.


=Sviðalist

- **Circus Ronaldo**, Hljómskálagarðurinn, 11. 12. 13. 14. 15. 16. júní kl. 20.00, 800 - 1.500 kr.
- **Circus Ronaldo - sýning nemenda**, Hljómskálagarðurinn, 16. júní kl. 15.00 & 17.00, 500 kr.
- **Drápa**, Tunglið, 7. júní kl. 20.00, 1.600 kr.
- **Eros, Maureen Fleming**, Loftkastalinn, 2. 4. júní kl. 20.30, 1.600 kr.
- **Féhirsla vors herra**, Borgarleikhúsið, 4. 7. 9. júní kl. 20.00, 1.800 kr.
- **Galdra-Loftur**, Íslenska Óperan, 1. 4. 7. 8. 11. 14. júní kl. 20.00, 3.000 kr.
- **Gulltáraböll**, Borgarleikhúsið, 22. 23. júní kl. 14.00, 800 kr.
- **Í hvítu myrkri**, Þjóðleikhúsið - Litla sviðið, 6. 7. júní kl. 20.30, 1.700 kr.
- **Ljóðakvöld Listahátíðar**, Loftkastalinn, 10. júní kl. 21.00, 500 kr.
- **Jöunninn**, Loftkastalinn, 8. 11. 13. júní kl. 20.30, 1.800 kr.

=Myndlist

- **Andres Serrano (Eitt sinn skal hver deyja)**, Sjónarhóll/Mokka
- **Benedikt Gunnarsson**, Stöðlakot
- **Carl Andre**, Önnur hæð
- **Dauðinn í íslenskum veruleika**, Mokka
- **Eftirsóttir einfarar**, Gallerí Hornið
- **Egon Schiele og Arnulf Rainer**, Listasafn Íslands
- **Fjörvið**, Nýlistasafnið
- **Hreinn Friðfinnsson**, Gallerí Sólon Íslandus
- **Húbert Női**, Gallerí Sævars Karls
- **Jón Axel Björnsson**, Gallerí Borg
- **Karl Kvaran**, Norræna húsið
- **Kochheisen og Hullman**, Gangur
- **Náttúrúsýn í íslenskrí myndlist**, Kjarvalsstaðir
- **Osvaldo Romberg**, Perlan
- **Páll á Húsafelli**, Listasafn Sigurjóns
- **Pia Raket Sverrisdóttir**, Norræna húsið - anddyri
- **Rachel Whiteread**, Íslensk grafík
- **Ragna Róbertsdóttir**, Ingólfsstræti 8
- **Robert Shay**, Gallerí Úmbra
- **Sigríður Sigurjónsdóttir**, Loftkastalinn
- **Silfur í Þjóðminjasafni**, Þjóðminjasafn Íslands
- **Skjálíst**, Sjónvarpið
- **Snagar**, Gallerí Greip
- **Svavar Guðnason**, Listasafn A.S.Í. - Ásmundarsal
- **Tolli**, Regnboginn
- **William Morris (Sýning)**, Þjóðarbókhlaðan
- **William Morris (Málþing)**, Þjóðarbókhlaðan, 8. júní kl. 10.00

• Klúbbur Listahátíðar, Loftkastalinn, 1. - 16. júní, opið frá 17.00



Listahátíð
1996
í Reykjavík 96

Miðasalan opin,
Upplýsingamiðstöð ferðamála,
Bankastræti 2, Reykjavík,
sími: 552 8588, <http://www.saga.is/artfest>

Menning

DV

Sýning í Ásmundarsafni:

Frá handverki til heimslistar

– mótunarár Ásmundar Sveinssonar

Mótunarár Ásmundar Sveinssonar (1893–1982) sem myndlistarmanns einkenndust af rötgróinni trú á handverkið og þau hagsýnu sjónarmið er hann hafði með sér úr fódurhúsum, Kolsstöðum í Dalasýslu, að vinnan færði mannum hamingju og þá fyrst og síðast sú vinna sem skilaði salti í grautinn. Sjálfur taldi Ásmundur það hafa „þjargað“ sér frá ótíndu sveitalíf-inu að hann hafði sjónskekku sem gerði það að verkum að hann var ekki nægilega fjárglögur. Myndlist var nánast ekki til í hugum sveitafólks í þá daga og birtist helst í formi skreytinga í blöðum og bókum eða sem útsaumur eða útskurður. Ásmundur undi sér við smíðar líkt og bræður hans og gerði gott betur með því að tálga út myndir af fálka og víkingi úr tré (1913–14) og móta fjallkonu úr steypu (1910–15) sem á að vera að taka við bók frelsisins úr hendi Jóns Sigurðssonar.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Tréskurður

Tvö síðarnefndu verkin eru til sýnis undir hvolfþakinu í Ásmundarsafni á sýningunni sem opnuð var um helgina og er til-einkuð mótunarárnum í list Ásmundar. Auk þeirra er þar mynd úr gísi af yfir-setukonu frá 1918–19 sem Ásmundur gerði á náms-tíma sínum í Reykjavík en þangað hélt hann í tréskurðar-nám árið 1915 og fékk inni á vinnustofu Ríkarðs Jónssonar. Sveinsstykki Ásmundar eftir fjögurra ára tréskurðarnám er í anddyri safnsins en það er útskorinn stóll með myndum er sýna tvo helstu atvinnuvegi þjóðarinnar, landbúnað og sjávarútveg, auk ljóðlína eftir lærimistarann, Ríkarð, skornar út með höfðaletri. Gunnar Kvaran ritar allitarlega um mótunarár Ásmundar í sýningarskrá. Þar kemur fram að Ásmundur telur síðar að Ríkarður hafi ekki örvað sig nægilega við mótun en staðið sig betur sem kennari í tréskurði.

Áhrifavaldar

Ásmundur hélt strax haustið 1919 til Kaupmannahafnar til náms í höggmyndalist, m.a. hvattur af Einari Jónssyni og Þórarni B. Þorlákssyni. Þar nemur hann hjá Viggo Brandt en kann illa kennslunni og afræður að fara til Stokkhólms þar sem hann staldrar við í heil sex ár og nemur hjá kunnnum myndhöggvara, Carl Milles hjá Listaháskólanum. Milles átti eftir að hafa mikil áhrif á list Ásmundar. Fróðlegt er að bera saman arkaiskt stílfærða sporðafætur Tritons eftir Milles og tvísporða Hafmeyju Ásmundar frá 1921–22 á sýningunni. Það er vel til fundið að tefla þannig saman verkum listamanns í mótun og áhrifavald hans, sérstaklega hvað varðar Milles. Verk Charles Despiau og Antoine Bourdelle eiga ekki eins mikið afgerandi sammerkt með verkum Ásmundar og vekur í raun furðu að verk eftir Maillol skuli ekki hafa orðið fyrir valinu í stað þess síðarnefnda í skjóli tilvísana til listar hans í sýningarskrá.

París og gildi kúbismans

Frá Stokkhólmi hélt Ásmundur til Parísar þar sem hann mótaði það verk sem hann er e.t.v. hvað þekktastur fyrir, Sæmund á selnum. Á þeim tíma er að renna upp fyrir Ásmundi gildi kúbismans og klassísk forbygging auk arkaiskrar stílfærslu í anda Milles er á undanhaldi í list hans. Enn sem komið er þjónar kúbisminn þó einungis hlutverki stílfæringar í huga Ásmundar í þessu verki, einföldunar skreytis en ekki uppbroti sjálfs meginformsins. Sýning þessi bregður nokkurri birtu á erfið vaxtarskilyrði hendlendar myndlistar og það hvernig hún þróaðist frá handverki yfir í heimslist.

Fréttir

Aðgöngumiðar á EM í knattspyrnu:

Sending til KSÍ rifin upp og hundrað og þremur miðum stolið

– mikil brögð að þessu í Englandi, segir Snorri Finnlaugsson

„Þegar sendingin kom var búið að opna pakkann að hluta og það vantaði 103 miða. Það eru tvö póst-fyrirtæki sem sáu um flutning miðanna til Íslands. Annað er TNT í Englandi en EMS-póstur, sem er í eigu Pósts og síma, er hinn aðilinn. Við höfum heimildir fyrir því að brögð séu að því að miðar hverfi úr miðasendingum á EM til landa utan Englands,“ sagði Snorri Finnlaugsson, framkvæmdastjóri KSÍ, í samtali við

DV í gær.

Knattspyrnusamband Íslands fékk 803 miða á hina ýmsu leiki Evrópukeppinnar í knattspyrnu sem hefist í Englandi 8. júní. Síðan eru þessir miðar flestir framseldir til ferðaskrifstofa.

Snorri sagði búið væri að fá það staðfest hjá breska sambandinu, sem sendi KSÍ miðana, að 803 miðar hefðu farið frá því áleiðis til Íslands. Hann sagði að hér væri um allmikinn skaða að ræða sem KSÍ

teldi öruggt að fá bættan, það er að nýir miðar komi í staðinn fyrir þá sem hurfu.

Af þeim miðum sem hurfu eru 73 á einn leik í Liverpool og 22 miðar á annan leik. Síðan vantar 8 miða þar sem um er að ræða 2 miða á fjóra leiki sem Logi Ólafsson landsliðsþjálfari ætlaði að sjá. Þar sem hér er um númeraða miða að ræða ætti ekki að vera erfitt að komast að því hverjir eru með miðana. **-S.dór**